



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. maí 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða (heildarlög), 735. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) telja afar mikilvægt að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi. SA hafa tekið virkan þátt í vinnu samráðsnefndar um framtíðarskipulag starfsendurhæfingar sem auk SA skipuðu fulltrúar ASÍ, heildarsamtaka opinberra starfsmanna, VIRK, LL, velferðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Verði frumvarpið að lögum verður samningum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um framtíðarskipan starfsendurhæfingar hrint í framkvæmd, sbr. stöðugleikasáttmála fyrrgreindra aðila dags. 25.6. 2009 og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, dags. 5. 5. 2011.

Snemmbært inngrip (early intervention) er lykilatriði til að ná árangri í starfsendurhæfingu. Því fyrr sem einstaklingur fær aðstoð við endurkomu á vinnumarkað þeim mun meiri árangurs er að vænta. Atvinnulífið stendur fyrstu árin undir meginhluta af framfærslu einstaklinga sem verða fyrir skertri vinnugetu, öfugt við það sem almennt tíðkast í nálægum löndum. Veikindaréttur hjá atvinnurekendum getur orðið allt að eitt ár og að auki geta einstaklingar átt rétt á greiðslum í eitt ár til viðbótar hjá sjúkrasjóði stéttarfélags. Að mati Talnakönnunar standa fyrirtæki, sjúkrasjóðir stéttarfélaganna og lífeyrissjóðir undir 80% af framfærslu einstaklinga með skerta starfsgetu fyrstu fimm árin. Óhjákvæmilegt er því að atvinnulífið, aðilar vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðir gegni lykilhlutverki í skipulagi og framkvæmd starfsendurhæfingar.

Ein forsenda árangurs í starfsendurhæfingarstarfinu snýr að fjárhagslegum hvötum bótaþega. Eins og nú háttar til eru bætur almannatrygginga til örorkulífeyrisþega mun hærri en atvinnuleysisbætur og kjör öryrkja betri en láglaunafólks á vinnumarkaði. Það á einkum við öryrkja með börn á framfæri, vegna skattfrjáls barnalífeyris almannatrygginga og barnalífeyris lífeyrissjóða. Þegar réttur til varanlegs örorkulífeyris er staðfestur með 75% örorkumatsúrskurði er hætt við að öryrkinn festist í þeim aðstæðum og eigi ekki afturkvæmt á vinnumarkað af fjárhagslegum ástæðum. Eftir því sem tíminn líður verður það sífellt ólíklegra þótt endurkoma á vinnumarkað sé fráleitt útilokuð, jafnvel eftir margra ára hlé.

Nú stendur yfir endurskoðun laga um almannatryggingar. Niðurstaða hennar hlýtur að fela í sér gerbreyttar áherslur þannig að litið verði til starfsgetu einstaklinga, en ekki almennrar vangetu þeirra eins og nú er, og endurmat fari reglulega fram. Þannig verði varanleg örorka einungis undantekningartilvik þegar batahorfur eru litlar sem engar eða ekkert útlit fyrir að starfsendurhæfing geti skilað árangri. Þá verður að afnema það fyrirkomulag að einstaklingar geti beint sótt um örorkulífeyri. Í stað þess komi sú umsókn frá teymi sérfræðinga, ekki einungis tryggingalækni, sem metið hafi starfsgetu viðkomandi einstaklings.

Samkvæmt frumvarpinu verður miklu fé farið varið til starfsendurhæfingar, eða u.þ.b. 3,5 milljörðum króna samtals frá atvinnulífinu, lífeyrissjóðum og ríkissjóði, en firna mikils árangurs er að vænta af árangri hennar. Í umsögn fjármálaráðuneytisins kemur fram að framlög ríkissjóðs til starfsendurhæfingarsjóða muni nema 1.200 m.kr. árlega en engin tilraun er gerð til að meta ávinning þeirrar fjárfestingar. Þá er þess einnig getið í umsögninni að greiðslur lífeyrissjóðanna til starfsendurhæfingar kunni „að leiða til skerðingar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga til lengri tíma litið en á mótí ætti að veða minni örorkubyrði vegna aukinnar starfsendurhæfingar“. Þá er fullyrt í lok umsagnar fjármálaráðuneytisins að lögfesting frumvarpsins muni valda 800-900 m.kr. lakari afkomu á



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

ríkissjóði á ári hverju en ella hefði orðið. Þessi nálgun ráðuneytisins er ámælisverð í ljósi þess að aukinni starfsendurhæfingu er ætlað að skila sér til baka til ríkissjóðs, lífeyrissjóða og efnahagslífsins og gott betur. Það eru ekki vönduð vinnubrögð hjá ráðuneytinu að gera ítarlega grein fyrir kostnaði en enga fyrir hugsanlegum ávinningi fyrir ríkissjóð, lífeyrissjóði, viðkomandi einstaklinga og efnahagslífið allt, þegar sá mögulegi ávinningur er hvatinn að baki frumvarpinu.

Reynslan af starfi VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs sl. þrjú ár hefur sýnt að árangurinn er mjög góður. Til vitnis um það er að tveir þriðju hlutar þeirra einstaklinga sem lokið hafa þjónustu eða útskrifast eru með fulla starfsgetu og hverfa aftur til vinnu eða náms.

Geðraskanir og stoðkerfissjúkdómar eru algengustu orsakir þess að einstaklingar eru úrskurðaðir með 75% örorku; geðraskanir í 37% tilvika og stoðkerfi í 28%. Svipað gildir um þá sem hafa fengið úrskurð um endurhæfingarlífeyri og þá sem leitað hafa þjónustu hjá VIRK. Árangur af starfi VIRK sýnir að batahorfur eru góðar í flestum tilfellum. Allt of margir einstaklingar, eða um 1.100-1.400 á ári undanfarin ár, eru varanlega metnir 75% öryrkjar og unnt er að fækka þeim umtalsvert.

Á síðasta ári fengu 1.104 einstaklingar úrskurð um 75% örorku og var meðalaldur þeirra 49 ár. Endurhæfingarlífeyrisþegar, sem bíða eftir varanlegum úrskurði um örorku, voru 940 um síðustu áramót og var meðalaldur þeirra 38,6 ár. (Þeir voru orðnir 1.067 þann 1. apríl sl., þ.a. rúmlega 300 yngri en 30 ára). Samkvæmt niðurstöðum Talmakönnunar er fjárhagslegur ávinningur samtals 105 m.kr. af því að starfsendurhæfing skili þeim árangri að 40 ára einstaklingur taki fullan þátt á vinnumarkaði, og fái greiddar meðaltals launatekjur, í stað þess að fara á örorkulífeyri. Miðað er við samanlagðan ávinning ríkissjóðs, lífeyrissjóðs og einstaklingsins. Núvirt með 3,5% vöxtum nemur fjárhæðin 64 m.kr. Sé reiknað með meðalaldri nýrra öryrkja (þeirra sem fengu 75% örorkumat árið 2011), 38,6 ár, er heildarávinningurinn 111 m.kr., sem núvirtur er 66 m.kr. Sé miðað við núvirta ávinninginn þá þarf árangur starfsendurhæfingar ekki að skila nema 55 einstaklingum (55 einstaklingar sinnum 66 m.kr. eru samtals 3,6 milljarðar króna) til baka á vinnumarkað í stað þess að þeir verði varanlegir örorkulífeyrisþegar. Ef árangurinn yrði margfalt meiri, t.d. að það næðist að helminga nýgengi örorku úr 1.100 einstaklingum á ári í 550, yrði ávinningurinn 36 milljarðar króna á ári. Þessir útreikningar benda til þess að fjárfesting í starfsendurhæfingu sé mjög arðbær.

Greiðslur til örorkulífeyrisþega eru þungur baggi á samfélaginu, bæði vegna greiðslna úr ríkissjóði og lífeyrissjóðum og vegna lítillar atvinnuþátttöku viðkomandi einstaklinga. Þessi baggi er óþarflega þungur og starfsendurhæfing er sú leið sem fær er til þess að létta hann. Árið 2010 námu greiðslur TR til örorkulífeyrisþega um 22,5 milljörðum króna og greiðslur lífeyrissjóða 10,3 milljörðum króna (barnalífeyrir örorkulífeyrisþega er áætlaður, þar sem hann liggur ekki fyrir). Samtals námu greiðslur TR og lífeyrissjóða um 33 milljörðum króna það ár. Ætla má að þessar greiðslur hafi numið 35 milljörðum króna árið 2011 vegna bótahækkana og fjölgunar lífeyrisþega. Nái starfsendurhæfing að fækka örorkulífeyrisþegum um 10% varanlega verður ávinningur hennar nægur til að bæta upp kostnað ríkissjóðs og lífeyrissjóða, og er þá ekki litið til ávinnings lífeyrisþegans sjálfs af auknum tekjumöguleikum og betri andlegri líðan, þannig að í þeim árangri felst samfélagslegur ávinningur. Árangur umfram það verður hreinn ávinningur fyrir ríkissjóð og lífeyrissjóði og jafnframt samfélagið allt.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Fjöldi örorkulífeyrisþega og greiðslur örorkulífeyris árið 2010. TR og lífeyrissjóðir					
	Tryggingastofnun		Lífeyrissjóðir		Samtals
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.	M.kr.
Fjöldi lífeyrisþega og greiðslur	14.714	20.442	15.769	9.842	30.284
Ef 90% barnalífeyris renna til öryrkja	5.338	2.137	3.537	469	2.606
Greiðslur til öryrkja alls (áætlun)		22.579		10.311	32.889
					Heimild: TR og FME

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannor G. Sigurðsson